

Jón Arason biskup. Ljóðmæli (2006)

Bókarhöfundar: Ásgeir Jónsson (ritstýrði og ritaði inngang) og Kári Bjarnason (bjó kvæðin til prentunar og skrifaði skýringar)

Bókarheiti: Jón Arason biskup. Ljóðmæli.

Gagnrýnandi: Ólafur Þ. Harðarson

Útgáfa: JPV útgáfa, Reykjavík 2006, 230 bls.

ÞEGAR BISKUPINN VAR DANSASKÁLD OG LANDSSTJÓRNIN EINKAVÆDD: STJÓRNMÁL OG ÞJÓÐFÉLAGSGERÐ Á DÖGUM JÓNS ARASONAR

Það er áhugamönnum um fornan kveðskap fagnaðarefni að nú hefur loksins komið út aðgengilegt heildarsafn ljóða Jóns biskups Arasonar. En er ástæða til þess að skrifa um slíka bók í tímarit um stjórnmál og stjórnsýslu?

Jón biskup var reyndar ekki síst stjórnmálamaður, sá fyrirferðarmesti á Íslandi á sinni tíð og mörg kvæði hans eru veraldleg og fjalla um pólitísk vígaferli. En helsta ástæða þess að þessi bók á brýnt erindi við áhugamenn um íslensk stjórnmál, þjóðfélagsgerð og þjóðfélagsþróun er ítarlegur inngangur eftir Ásgeir Jónsson hagfræðing, sem nefnist: Alþýðuskáldið Jón Arason (bls. 9-86). Inngangurinn er í raun dálítil bók um manninn Jón Arason og það samfélag sem hann lifði í. Ásgeir setur líf og baráttu Jóns í samhengi við þjóðfélagsgerð 16. aldar og greinir helstu öfl sem áttust við í því samfélagi og margslungnar rætur þeirra á sviðum efnahagsmála, stjórnmála, menningar og trúmála – innan lands og utan. Niðurstaðan er einkar áhugaverð mynd af íslensku þjóðfélagi á 15. og 16. öld – Íslandi miðaldar.

Hér verður ekki gerð tilraun til að endursegja greiningu Ásgeirs, en fáein dæmi nefnd um efnistökin. Lýsing Ásgeirs á íslensku þjóðfélagi miðaldar er lifandi og skemmtileg. Hann bendir á að þjóðin hafi búið við efnalega velsæld og haft mikil samskipti við útlönd, enda verslun í reyndinni frjáls. Stéttaskipting var miklu lausari í reipum en síðar varð og kolbítar gátu unnið sig til æðstu metorða, ekki síst innan kirkjunnar og var Jón Arason dæmi um það. Íslendingar sungu og dönsuðu, drukku og dufluðu í dáraveislum (feasts of fools), sem voru algengt fyrirbæri um alla Evrópu. Í gleðirnar „mætti fjöldi karla og kvenna og ‘ærsluðust þau um heilar nætur’ og höfðu þess í milli ‘frammi aðra gleðileiki og skrípasýningar’. Þar var farið með ‘bruna- og afmorsvísur’ og ennfremur var ‘mikið um fáránlegar, blautlegar og lostafullar athafnir’“ (bls. 34-35). Allt var þetta liðið af ótrúlegu umburðarlyndi kaþólsku miðaldakirkjunnar. Á dansöld voru dansaskáldin poppstjórnum. Eitt helsta dansaskáld Íslendinga var sjálfur biskupinn, Jón Arason. Það er engin leið að skilja atburðina á sviðinu án þess að þekkja hinn þjóðfélagslega bakgrunn. „Sú þjóð sem talar í bókmenntum miðaldar er – hvernig sem á það er lítið – allt önnur en sú sem flestir núlifandi Íslendingar telja sig þekkja. Þessari þjóð ættu nútímamenn að kynnast. Og einn besti fulltrúi hennar er Jón biskup Arason á Hólum“ (bls. 11-12).

Greining Ásgeirs á vinsældum Jóns og kaþólsku kirkjunnar meðal íslenskrar alþýðu er áhugaverð. „Jón Arason var dansaldarmaður fram í fingurgóma og líklega má skýra stóran hluta af hylli hans og velgengni með því hversu skáldskapargáfa hans og lunderni féllu að dansskemmtunum landsmanna. Það má líka lesa á milli línanna að þeir Hólafeðgar hafi verið með skemmtilegri mönnum í samkvæmum og ávallt kunnað að vanda til góðrar veislu með söngvum og dansi“ (bls. 35).

Kirkjan varð mjög öflug á 16. öld vegna verslunarbyltingar 15. aldar „þegar erlendar þjóðir tóku að hópast hingað til þess að kaupa fisk og brennistein“ (bls. 19). Í stað lélegra skipta við Björgvinjarkaupmenn lágu nú ensk, hollensk og þýsk skip í hverri vík. Veikt danskt konungsvald gat ekki stöðvað þessa verslun. Kirkjan sá sér hins vegar leik á borði með því að nýta sjávargróðann í þágu kirkjunnar á kostnað íslenskrar yfirstéttar. Kirkjan lagði „til atlögu við hvern höfðingjann á fætur öðrum og beygði í duftið með sönnum eða upplognum sökum um sífjaspell eða frændsemismeinbugi“ (bls. 21). Ásgeir leiðir líkur að því að almenningur hafi ekki haft mikla samúð með höfðingjum sem biskupar rúðu eignum sínum. Eigendaskipti á jörðum skiptu litlu máli fyrir þau 90% bænda sem voru leiguliðar. Kirkjan bauð reglufestu og öryggi í stað sífældra illinda meðal höfðingja. Hinir „harðdrægu biskupar ráku allir umfangsmikla almannatengslaherferð með ölmusugjöfum og náðarmeðulum kirkjunnar“. Jón Arason virðist hafa verið mildur við fátæka en ‘ofsastrangur’ við burðuga mótstöðumenn. Á hans tíma ofsótti kirkjan „bestu menn þjóðarinnar en hyglaði hinum verstu og hafði því í raun snúið stéttaskiptingu miðalda á haus“ (bls. 25).

Kaþólska miðaldakirkjan á Íslandi þurfti ekki að óttast byltingu að neðan eins og systurkirkjur hennar í

Evrópu. Norska og íslenska kirkjan notuðu móðurmálið fremur en latínu. Í skóla var Jón Arason lofaður fyrir færni í norrænni skáldskaparlist, en ekki fyrir latneska þekkingu: „Við latínu lærdómi gaf hann sig aldrei“ (bls. 18). Jón kom með prentsmiðju til landsins þar sem prentaðar voru þýðingar á guðspjöllum áður en Oddur Gottskálksson hóf þýðingar sínar í fjósi í Skálholti. Kapólska kirkjan varð þjóðkirkja sem naut hylli almennings.

Öðru máli gegndi um lúterstrúarmenn – siðaskiptin voru bylting að ofan. Ungir menntamenn mynduðu fámennan róttæklingahóp sem hreifst af erlendum kenningum en hafði engar rætur meðal almennings. Ásgeir telur ólíklegt að þeir hefðu náð nokkrum árangri ef ekki hefði komið til stuðningur Kristjáns III Danakónigs og líkir íslensku siðaskiptunum við valdatöku fámennra kommúnistaflokka í Austur-Evrópu eftir seinna stríð í skjóli Rauða hers Sovétríkjanna.

Margt fleira mætti nefna um þá þjóðfélagslegu sviðmynd sem Ásgeir dregur upp. Hvernig var vopnabúnaður, hvernig 'börðust' Íslendingar, hvers vegna féll enginn af liði Hólafeðga fyrr en þeir sjálfir í Skálholti 1550 eftir margra ára herferðir? Hvernig fól ritlist miðaldar í sér bæði alþjóðavæðingu og alþýðuvæðingu? Með hvaða hætti var landsstjórnin á Íslandi einkavædd árið 1547 og hvers vegna? Hverjir voru hagsmunir Hamborgarkaupmanna – varpa þeir ljósi á hugsanleg svik þeirra við Jón? Getur þjóðfélagsleg greining skýrt þá ákvörðun Jóns að brjóta allar brýr að baki sér og hefja vonlausa baráttu við danska konungsvaldið – eða verður þar að grípa til persónulegra skýringa á borð við sálar- og trúarlíf Jóns?

Ásgeir fléttar saman persónusögu og greiningu á átökum þjóðfélagsafla. Hann dregur upp heillandi mynd af stórkostlegum þjóðfélagsbreytingum á Íslandi. Skrifari veit ekki nóg um sögu miðaldar til þess að dæma um hvernig sú mynd sem upp er dregin fellur að staðreyndum. Hins vegar er alveg ljóst að mynd Ásgeirs er sú tegund af sögulegri og þjóðfélagslegri greiningu sem er fræðilega eftirsóknarverðust þegar vel tekst til. Hún er líka einkar vel og skarplega skrifuð – og bráðskemmtileg.